

Fimmtudaginn 4. mars 1982.

Nr. 93/1981. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson, settur vara-
ríkissaksóknari)

gegn

Sigurgeiri Hilmarí Gunnarssyni

(Grétar Haraldsson hrl.).

Líkamsmeiðingar. Skaðabótakröfu vísað frá héraðsdómi.
Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Héraðsdóminn kvað upp Ríkarður Másson, fulltrúi sýslumannsins í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 10. mars 1981, en af ákærvaldsins hálfu er krafist staðfestingar héraðsdómsins að því er varðar ákvörðun refsingar og greiðslu sakarkostnaðar, „en eins og hattað hefur verið meðferð á fébótakröfum fyrir héraðsdómi, er þess krafist, að skaðabótakröfur sæti frávísun frá héraðsdómi.“

Ágrip barst Hæstarétti 10. nóvember 1981.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal hluti skipulagsuppdráttar af Ólafsvík ásamt bréfi héraðsdómara, þar sem fram kemur, að götumegin við hús nr. 4 við Grundarbraut var steiptur veggur, en ekki grindverk, eins og greinir í héraðsdómi.

Í ákæruskjali og í héraðsdómi er Ragnar Heiðar ranglega sagður Kristjánsson í stað Kristinsson.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti lýstu vararíkissaksóknari og skipaður verjandi ákærða yfir því, að hér mundi um ritvillu að ræða, og var málið reifað með hliðsjón af því, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974.

Ákæra í málinu er einskorðuð við brot gegn 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með eigin játningu ákærða og öðru því, sem fram hefur komið í málinu, er sannað, að ákærði hrakti Ragnar Heiðar Kristinsson að steinvegg, sem nefndur er grindverk í héraðsdómi, og slepti taki á honum, er hann var að því kominn að falla aftur yfir sig yfir vegginn. Olli það falli hans aftur fyrir sig milli veggs og húss, og skall höfuð hans við það á húsvegg. Gegn neitun ákærða þykir ekki sannað, svo sem sakargögnum er háttað, að hann hafi slegið Ragnar Heiðar í andlit eða sparkað í hann fyrir innan steinvegg þann, sem var götumegin við húsið nr. 4 við Grundarbraut. Verður því við það að miða, að Ragnar Heiðar hafi hlotið meiðsl þau, sem í héraðsdómi greinir, er hann skall á húsvegginn.

Með atferli því, sem lýst er að framan, hefur ákærði gerst brotlegur við hegningarlagaákvæði það, sem ákært er fyrir.

Eftir atvikum þykir mega fresta ákvörðun um refsingu ákærða og að hún falli niður að liðnu einu ári frá birtingu dóms þessa, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Skaðabótakrafa var eigi borin undir ákærða, og ber að vísa henni frá héraðsdómi, svo sem krafist er af hálfu ákæruvalds.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 3.000 00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns 3.000.00 krónur.

Hinn 9. september 1977 yfirheyrði sakadómari hjónin Sænni Jeremíasdóttur og Magnús Höskuldsson sem vitni í sakadómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. Þau voru ekki heitfest. Er bókun varðandi framburð Magnúsar svohljóðandi: „Framburður mætta er samhljóða framburði eigin konu hans . . .“ Af bókun þessari verður ekki ráðið, að dómariinn hafi yfirheyrt vitnið sjálfstætt um sakaratriði, sbr. 1. mgr. 77. gr. og 2. mgr. 102. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974. Aðurgreint brot framdi ákærði 18. júní 1977. Ákæra var gefin út 31. mars 1978 og héraðsdómur

kveðinn upp 14. febrúar 1979, en eigi birtur fyrir ákærða fyrr en 23. janúar 1981.

Dráttur þessi á birtingu dóms hefur ekki verið réttlættur. Verður að átelja framangreinda málsmeðferð svo og meðferð héraðsdómara á fyrrgreindri skaðabótakröfu.

D ó m s o r ð :

Ákvörðun um refsingu ákærða, Sigurgeirs Hilmars Gunnarssonar, skal fresta og hún falla niður að liðnu einu ári frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Framangreindri skaðabótakröfu er vísað frá héraðsdómi.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og málsvarnarlaun eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Grétars Haraldssonar hæstaréttarlögmanns, 3.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála dómsatkvæði meiri hluta dómenda um annað en það, sem segir í dómi um ákæru og viðurlög við hegningarlagabroti ákærða. Um þessi atriði tel ég, að dómur ætti að vera sem hér segir:

Samkvæmt ákæruskjali er mál höfðað gegn ákærða fyrir brot gegn 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Áverkavottorð ber þó með sér, að meiðsli Ragnars Heiðars Kristinssonar voru m. a. fólgin í sprungu í höfuðbeini út frá vinstra eyra, sem olli blæðingu inn í eyrað. Vegna upp-

hafsákvæðis 3. mgr. 118. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 verður við það að sitja, þannig að heimfærsla undir 218. gr. almennra hegningarlaga kemur eigi til álita, enda málið einungis reifað á grundvelli heimfærslu í ákæruskjali.

Samkvæmt niðurlagsákvæði 3. mgr. 11. gr. laga nr. 20 18. maí 1981, 218. gr. a almennra hegningarlaga, er heimilt að lækka refsingu eða láta niður falla, þegar verknaður á undir 217. gr., ef sá, sem verður fyrir tjóni, á upptök að átökum með árás, ertingum eða líku. Með því að fleygja logandi vindlingsstúf þannig, að hann lenti inn í bifreið ákærða, verður að telja, að fullnægt sé skilyrði lagaákvæðis þessa til refsilækkunar, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga. Með hliðsjón af því og málavöxtum að öðru leyti þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald 45 daga, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla að einu ári liðnu frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Sigurgeir Hilmar Gunnarsson, sæti varðhaldi 45 daga, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla að einu ári liðnu frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur er ómerkt, og er skaðabótakröfu vísað frá héraðsdómi.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og málsvarnarlaun eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Grétars Haraldssonar hæstaréttarlögmanns, 3.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu**14. febrúar 1979.**

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, útgefnu 26. júlí 1978, á hendur Sigurgeiri Hilmarí Gunnarssyni múraranema, Ennishlíð 1, Ólafsvík, fæddum 16. september 1955 þar í plássinu, „fyrir líkamsárás samkvæmt 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 18. júní 1977 veist að Ragnari Heiðari Kristjánssyni (sic), fæddum 23. júlí 1956, á Grundarbraut í Ólafsvík, slegið hann í andlitið og hrundið þannig, að hann féll aftur fyrir sig um grindverk og sló höfði í vegg og rotaðist, og síðan sparkað í hann, þar sem hann lá.

Hlaut Ragnar af þessu heilahristing, 3 sentimetra langan skurð við vinstra eyra og sprungu þar í höfuðbeinið.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta.“

Ákærði, sem fæddur er 16. september 1955 í Ólafsvík, hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Sunnudaginn 26. júní 1977 kom á lögreglustöðina í Ólafsvík Ragnar Heiðar Kristinsson, Furugrund 16, Kópavogi, fæddur 23. júní 1956. Erindi mætta var að kæra Sigurgeir Hilmar Gunnarsson, Hjallabrekku 4, Ólafsvík, fyrir líkamsárás, sem hann kvaðst hafa orðið fyrir laugardaginn 18. júní 1977.

Kvaðst hann hafa verið á gangi niður Grundarbraut í Ólafsvík ásamt Óskari Tómassyni, Hjarðartúni 12, og hafi hann þá hent frá sér vindlingi, sem hafi lent inn um opinn glugga bifreiðarinnar P 592, sem í því var ekið fram hjá. Sagði hann þetta hafa verið óviljaverk.

Sagði hann ökumann hafa snúið bifreiðinni við, ekið á eftir þeim og stöðvað bifreiðina á móts við þá Óskar. Hafi ökumaður, sem hann þekkti sem Sigurgeir Hilmar Gunnarsson, komið út úr bifreiðinni ásamt þremur öðrum mönnum. Hafi Sigurgeir Hilmar veist að honum og slegið hann umsvifalaust í andlitið, svo sprungið hefði fyrir á neðri vör. Hafi hann þá slegið Sigurgeir Hilmar í andlitið. Síðan hafi Sigurgeir Hilmar slegið hann í höfuðið og hafi hann dottið aftur fyrir sig og misst meðvitund.

Í áverkavottorði Kristófers Þorleifssonar, lækni í Ólafsvík, dags. 28. júní 1977, segir svo m. a. um meiðsli Ragnars Heiðars:

„Við skoðun þann 19.6. kl. 02 er Ragnar með fullri meðvitund, vel vakandi og ekkert sljór, áttaður á stað og stund. Hann kvart-

ar um mikinn höfuðverk, verk aftan við v. eyra, ógleði og svima, ef hann hreyfir höfuðið. Skoðun leiðir í ljós um 3 cm. langan skurð, nokkuð djúpan ofan við v. eyra. Við skoðun á eyrasést ekkert athugavert h. megin, en v. eyrnagangur er fullur af blóðstorku. Annað fannst ekkert athugavert við skoðun. Þar sem einkenni bentu til heilahristings, og blóðstorka í v. eyrnangangi gaf grun um sprungu í höfuðkúpu, var Ragnar tekinn til höfuðmyndatöku kl. 14 þann sama dag, og kom þá í ljós sprunga í höfuðbeini út frá v. eyra, sem skýrði blæðingu inn í eyrað. Að fengri þessari niðurstöðu var Ragnari eindregið ráðlögð hvíld og rúmlega, þar til heilahristingseinkenni væru að mestu horfin.

Hann mætir svo aftur til skoðunar í dag, 28.6.'77. Hefur verið í algjörri hvíld frá því hann hlaut höfuðhöggið. Kveðst nú algjörlega laus við höfuðverk og ógleði, en finnur fyrir lítilsháttar svima, ef hann hreyfir höfuðið snögg eða rís snögglega upp. Við skoðun sést, að skurðurinn aftan við v. eyra er gróinn, en enn er töluverð blóðstorka í eyrnanganginum. Þar sem heilahristingseinkenni eru að mestu gengin til baka, telst Ragnar vinnufær frá og með deginum á morgun 29.6.'77.“

Verður nú rakinn framburður vitna fyrir dóminum.

Vitnið Óskar Tómasson rafvirki, Ólafsvík, lýsti aðdraganda að atburðinum á sama hátt og Ragnar Heiðar. Hann kvaðst ekki hafa séð Sigurgeir Hilmar slá Ragnar Heiðar, en Sigurgeir hafi einn ráðist á Ragnar, en þar sem hann hafi verið staddur hinum megin við bifreiðina, hafi hann ekki séð, hvað þeim fór á milli. Það næsta, sem Óskar sá til Ragnars, var að hann lá innan við girðinguna.

Vitnið Sæunn Jeremíasdóttir, Ólafsvík, kvaðst hafa verið nýkomin heim ásamt eiginmanni sínum, þegar hún hafi heyrt hávaða fyrir utan. Hafi hún farið út í glugga og séð Hilmar Gunnarsson hrinda Ragnari Kristinssyni yfir grindverk við hús við Grundarbraut. Sagði vitnið, að Hilmar hefði síðan gengið fyrir endann á grindverkinu og sparkað í Ragnar.

Vitnið Höskuldur Magnússon, Ólafsvík, sagði frá á sama hátt og eiginkona hans, Sæunn Jeremíasdóttir, auk þess sem hann kvaðst hafa séð, að Hilmar var í hvítum tréklossum, þegar hann sparkaði í Ragnar.

Vitnið Björn Guðmundsson skrifstofumaður, Ólafsvík, kvaðst ekki hafa séð, hvað skeði milli þeirra Hilmars og Ragnars. Þó kveðst vitnið muna það, að hann hafi séð Ragnar liggja fyrir innan grindverkið og hafi Hilmar staðið boginn yfir honum og

hafi hann einnig verið fyrir innan grindverkið. Aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa séð Hilmar slá Ragnar, en Hilmar hafi verið í hvítum tréklossum.

Vitnið Þorgrímur Rúnar Kristinsson verkamaður, Ólafsvík, sagði, að Hilmar og Ragnar hefðu farið að rífast og hafi Ragnar slegið Hilmar í andlitið. Vitnið kvaðst aðspurt hafa séð Ragnar liggja fyrir innan grindverkið, en kvaðst ekki hafa séð Hilmar slá eða sparka í Ragnar.

Vitnið Hafsteinn Heiðar Kristinsson stýrimaður, Ólafsvík, kvaðst ekki hafa séð, hvað þeim Hilmar og Ragnar fór á milli. Það, sem hann mundi, var, að hann sá Ragnar standa á götunni, blóðugan á hálsinum undir eyranu og hafi lögreglan þá verið komin. Vitnið kvaðst ekki hafa séð Hilmar slá eða sparka í Ragnar, en sagði aðspurt, að sig minnti Hilmar hafa sagt sér, að hann hefði slegið Ragnar.

Ákærði, Sigurgeir Hilmar Gunnarsson, hefur eindregið neitað því að hafa slegið Ragnar Heiðar. Einnig hefur hann neitað að hafa hrint honum yfir grindverkið og síðan sparkað í hann. Sagði ákærði, að hann hefði tekið í öxl Ragnars, snúið honum við og sagt við hann, að það þýddi ekkert að vera að slást út af þessu. Hafi Ragnar þá slegið hann í andlitið, upp undir nefið. Hafi ákærði þá haldið honum frá sér með beinum handleggjum. Hafi Ragnar þá þokast afturábak að grindverkinu, og þegar ákærði fann, að Ragnar var að því kominn að falla aftur fyrir sig yfir grindverkið, hafi hann sleppt honum. Sagði ákærði, að Ragnar hefði þá fallið aftur fyrir sig milli hússins og girðingarinnar og skollið með höfuðið í húsvegginn.

Verjandi ákærða hefur gert þær kröfur, að ákærði verði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins, en til vara, að ákærða verði gerð lægsta refsing, er lög leyfa, refsing verði felld niður eða dómur skilorðsbundinn. Þá krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins.

Niðurstaða.

Með hliðsjón af framburði vitnanna Sæunnar Jeremíasdóttur og Magnúsar Höskuldssonar þykir sannað þrátt fyrir vitni ákærða, að hann hafi neytt Ragnar H. Kristinsson yfir grindverk við Grundargötu í Ólafsvík, þannig að hann féll aftur fyrir sig og rakst með höfuðið í húsvegg, þannig að hann missti meðvitund. Einnig að ákærði hafi farið inn fyrir girðinguna og sparkað þar í Ragnar með tréklossa á fótum. Þá þykir sannað, að

Ragnar hafi af þessu hlotið heilahristing, 3 sentimetra langan skurð við vinstra eyra og sprungu þar í höfuðbeinið.

Telst því nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er um getur í ákæru, dags. 31. mars 1980, og þar er réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Refsing ákærða Sigurgeirs Hilmars Gunnarssonar þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði, en þar sem um er að ræða fyrsta refsidóm ákærða, þykir mega ákveða, að fullnustu refsingar hans megi fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða kr. 550.000 til Ragnars Heiðars Kristinssonar fyrir vinnutap, þjáningar og miska.

Loks ber að dæma ákærða samkv. 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurgeir Hilmar Gunnarsson, sæti fangelsi í 3 mánuði, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði Ragnari Heiðari Kristjánssyni (sic) kr. 550.000 fyrir vinnutap, þjáningar og miska.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með kr. 100.000 til skipaðs verjanda síns, Magnúsar Þórðarsonar héraðsdóms-lögmans.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.